

2. Ekkert bendir til þess að skjólstæðingur hans hyggist eða hafi reynt að torvelða rannsókn málsins. Þvert á móti hafi hann lagt sig fram um að upplýsa þau atriði í rannsókninni, sem beinist að honum.

3. Nákvæm frásögn af rannsókn málsins hafi birst í Helgarpóstinum hinn 27. f.m. og því sé engin rannsóknarleynd yfir málinu. Því séu niðurfallnar forsendur upphaflegs gæsluvarðhalds, sem byggt var á 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, enda viti hugsanlegir vitorðsmenn nú nákvæmlega um hvað rannsóknin snýst.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur lagt fram greinargerð vegna þessarar kröfu Arnar Clausen hrl. Þar segir að af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins séu ekki talin efni til að verða við fyrrnefndri kröfu lögmansins og því sé þess krafist að dómariinn hafni henni. Svo sem rannsóknargögn málsins beri með sér sé rannsóknin orðin umfangsmeiri en var við uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurðarins og beinist einnig að fleiri kærutridum en þá var. Lagaskilyrði gæsluvarðhalds séu því enn fyllilega fyrir hendi, sbr. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Þegar rannsóknargögn málsins eru virt er ljóst að þótt rannsókn málsins miði vel áfram, þá er umfang hennar slíkt að ekki verður séð að þær ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti að kærði verði látinn laus úr gæsluvarðhaldi nú þegar. Ber því að hafna kröfu Arnar Clausen þar að lútandi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Arnar Clausen hrl. um að Arnór Víkar Arnórsson skuli þegar í stað látinn laus úr gæsluvarðhaldi er hafnað.

Þriðjudaginn 11. mars 1986

Nr. 90/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Kristjáni Haukssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. mgr. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 4. þ.m. er barst Hæstarétti 7. þ.m. Hann gerir þær kröfur að úrskurðurinn verði felldur úr gildi eða að gæsluvarðhaldsvistin verði stytta. Þá krefst hann kærnumálskostnaðar. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærnumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. mars 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 4. mars er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að Kristjáni Haukssyni, Sóleyjargötu 19, fæddum 14. janúar 1963 verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. apríl 1986 kl. 17:00 vegna gruns um þjófnað, skjalafals og fjársvik.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi viðurkennt að hafa þann 31. janúar sl. stolið seðlaveski með tékkhefti á Hressingarskálanum og falsað og selt tékka úr því. 10 tékkar að fjárhæð kr. 30.940,00 hafa borist banka, en talið er að 20 eyðublöð hafi verið eftir í heftinu er því var stolið.

Kærði hefur viðurkennt að hafa stolið tékkaeyðublaði á heimili Elísabetar Kristjánsdóttur og falsað og selt tékka að fjárhæð kr. 5.000,00.

Þá hefur kærði viðurkennt að hafa aðfaranótt 13. febrúar sl. ekið þeim Má Kjartanssyni og Sigmundi Heiðari Árnasyni í innbrot við Langatanga í Mosfellssveit.

Kærði hefur viðurkennt að hafa stolið tékkhefti í húsi við Barónsstíg og falsað og selt tékka úr heftinu. RLR hafa borist 4 tékkar úr heftinu samtals að fjárhæð kr. 18.500,00, en ekki er ljóst hve mörg eyðublöð voru í heftinu.

Að lokum hefur kærði viðurkennt að hafa þann 25. febrúar sl. stofnað tékkareikning við Útvegsbanka Íslands og gefið út tékka 40-50 þúsund krónum umfram innistæðu. RLR hafa borist 8 tékkar úr heftinu samtals

að fjárhæð kr. 51.000,00, en kærði mun hafa notað þau 25 eyðublöð, sem hann fékk í hendur.

Vegna rannsóknar ýmissa mála, sem nú eru á lokastigi, sat kærði í gæsluvarðhaldi frá 11. ágúst 1985 til 11. september sama ár.

Þá var þann 22. ágúst sl. gefin út ákæra á hendur kærða fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga og er ákæran til meðferðar í sakadómi Reykjavíkur.

Kærði er atvinnulaus síbrotamaður. Er því ljóst að veruleg hættu er á að hann haldi áfram brotum ef hann er látinn ganga laus. Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. og 5. tl. 1.mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. apríl 1986 kl. 17:00.

Gæsluvarðhaldið fer eigi í bága við 65. gr. stjórnskrárlinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Kristján Hauksson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. apríl 1986 kl. 17:00.

Miðvikudaginn 12. mars 1986.
 Nr. 152/1985. **Ragnar Halldór Hall**
skiptaráðandi í Reykjavík
f.h. þrotabús Cosmos á Íslandi hf.
 gegn
Cosmos hf.

Hafning máls.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson.

Eftir áfrýjun málsins hefur bú áfrýjandans, Cosmos á Íslandi hf., verið tekið til gjaldþrotaskipta 20. desember 1985. Hefur þrotabúið tekið við málinu samkvæmt 58. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936.